

**REGLUGERÐ****um daggjöld fyrir dvalarrými, dagdvalarrými og hjúkrunarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2015.**

## 1. gr.

*Daggjöld fyrir dvalarrými og dagdvalarrými.*

Daggjöldum vegna dvalarrýma fyrir aldraða og vegna dagdvalar aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2015:

|    |                                     |            |
|----|-------------------------------------|------------|
| 1. | Daggjald á dvalarrými fyrir aldraða | 11.668 kr. |
| 2. | Gjald á dagdvöl fyrir aldraða       | 6.091 kr.  |

Nauðsynlegur flutningskostnaður heimilismanna er innifalinn í dagdvalargjaldi. Þeir sem njóta þjónustu dagdvalar skulu greiða 1.020 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Daggjald til dvalarheimilis fyrir aldraða er greitt frá upphafi dvalar og til loka þess mánaðar sem heimilismaður er tekinn inn á heimilið. Dvalargjald þetta skal ekki hafa áhrif á bætur Tryggingastofnunar ríkisins til heimilismannsins, greiðslu Tryggingastofnunar á dvalarframlagi til dvalarheimilisins og þátttöku heimilismanns í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

## 2. gr.

*Þjónusta í dvalar- og dagdvalarrýmum.*

Innifalinn í daggjöldum skv. 1. gr. reglugerðar þessarar er hvers konar þjónusta sem heimilismönnum er látin í té á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

## 3. gr.

*Daggjöld fyrir hjúkrunarrými og daggjöld fyrir sérhæfða dvöl.***A. Hjúkrunarrými.**

Daggjald fyrir hjúkrunarrými skal vera jafnhátt daggjaldi fyrir dvalarrými skv. 1. gr. Daggjöldunum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án húsnæðisgjalds. Auk daggjalds skv. 1. gr. skal greitt fyrir heilbrigðisþjónustu í hjúkrunarrýmum sem samið er um skv. 24. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar eða samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands.

Daggjald í hjúkrunarrými skv. 1. mgr. skal vera frá 1. janúar 2015: 11.668 kr.

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að heimilismaður hverfi af stofnun í stuttan tíma, svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar, enda hafi heilbrigðisfyrirvöld ekki aukakostnað af dvölinni.

Fari heimilismaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 45 daga.

Við andlát heimilismanns eða þegar heimilismaður flytur fyrir fullt og allt af stofnun skal greiða fullt daggjald í allt að sjö daga. Ef heimilismaður í hvíldarrými andast skal greiða fullt daggjald í allt að tvo daga.

Daggjald skal greitt stofnun vegna sjúklinga með langvinna nýrnasjúkdóma þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á sjúkrahús. Sjúkrahúsið greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á það. Greiða skal 1.688 kr. á dag til viðbótar daggjaldi stofnunar fyrir hvern sjúkling með langvinnan nýrnasjúkdóm sem dvelst á stofnun og þarf blóðskilun á sjúkrahúsi.

**B. Sérhæfð dvöl.**

| Liður | Viðf. | Heiti stofnunar                                 | Daggjald kr. |
|-------|-------|-------------------------------------------------|--------------|
| 477   | 110   | Árborg, dagdvöl aldraðra v/minnissjúkra         | 13.295       |
| 477   | 110   | Dagdvöl aldraðra í Reykjanesbæ v/minnissjúkra   | 13.295       |
| 477   | 110   | Dagdvöl í Eyjafjarðarsveit                      | 13.295       |
| 474   | 110   | Dagdvöl og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga       | 12.150       |
| 477   | 110   | Drafnarhús, Hafnarfirði                         | 13.295       |
| 470   | 110   | Dvalarheimili aldraðra heynarlausa              | 14.155       |
| 476   | 110   | Fríðuhús, Reykjavík                             | 13.295       |
| 410   | 115   | Hjúkrunarheimilið Eir                           | 13.295       |
| 412   | 171   | Hjúkrunarheimilið Skógarbær, endurhæfingardeild | 32.752       |
| 472   | 110   | Hlíðarbær, Reykjavík                            | 13.295       |
| 477   | 110   | Hrafnista í Reykjavík, dagdvöl endurhæfing      | 16.609       |
| 477   | 110   | Jaðar, Ólafsvík                                 | 13.295       |
| 477   | 110   | Lagarás, Egilsstöðum v/minnissjúkra             | 13.295       |
| 473   | 110   | Lindargata, Reykjavík                           | 13.295       |
| 477   | 110   | Mariuhús, Reykjavík                             | 13.295       |
| 475   | 110   | Múlabbær, Reykjavík                             | 8.678        |
| 477   | 110   | Roðasalur, Kópavogi                             | 13.295       |
| 434   | 110   | Öldrunarstofnun Akureyrar v/minnissjúkra        | 13.295       |

Nauðsynlegur flutningskostnaður heimilismanna er innifalinn í dagdvalargjaldi. Þeir sem njóta þjónustu dagdvalar skulu greiða 1.020 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

**4. gr.***Húsnæðisgjald.*

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða húsnæðisgjald til að mæta kostnaði vegna fasteignagjalda, trygginga, viðhalds, eftirlits og umsýslu húsnæðis sem nýtt er til reksturs ~~hjúkrunar- og dvalarrýma~~ hjúkrunarrýma. Gjaldið árið 2015 er 10.677 kr. á m<sup>2</sup> á ári og reiknast að hámarki á 60 m<sup>2</sup> fyrir hvert hjúkrunarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á ~~dvalar- og~~ dagdvalarrýmum. Gjaldið árið 2015 er 3.690 kr. á m<sup>2</sup> á ári og reiknast að hámarki á 30 m<sup>2</sup> fyrir hvert dagdvalarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Viðhaldshluta í húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

**5. gr.***Framkvæmd.*

Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

## 6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 22. gr., 2. mgr. 24. gr., 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, 6. og 10. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 1. og 3. mgr. 21. gr., 1. mgr. 22. gr. og 29. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, gildir frá 1. janúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 99/2014 um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar og dagvistarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2014.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

~~Velferðarráðuneytinu~~ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 4. gr. verða engar greiðslur húsnæðisgjalds til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á dvalarrýmum, ~~þar~~ sem svarar til tímabilisins frá 1. ágúst 2015 til og með 31. desember ~~2014~~. 2015,

inntar ~~Kristján af Þór hendi, Júlíusson~~  
með ~~heilbrigðisráðherra~~ vísan til fjárlaga fyrir árið 2015.

- Anna Lilja Gunnarsdóttir -

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.